

Fundurinn kveður á um, hvort skiptaréttur skuli taka búið til meðferðar eða hvort kjósa skuli skilanefnd til að sjá um skiptin. Slík skilanefnd má þó eigi taka til starfa, fyrr en eftir að hún hefur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 24 20. maí 1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar nr. 217 8. ágúst 1972.

1. gr.

Aftan við 10. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni hverjum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um sjóðstofnun skv. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972.

1. gr.

Þóknun fyrir afnot markaðshljóðrita skv. 1. mgr. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972 skal að frádregnum kostnaði renna í sérstakan sjóð, sem starfi í tveim deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinni fyrir framleiðendur hljóðrita.

2. gr.

Um stjórn sjóðsins, vörzlu og úthlutanir úr deildum hans fer eftir því, sem mælt verður fyrir um það efni í samþykktum sameiginlegra félagssamtaka flytj-

enda og hljóðritaframleiðenda, enda hafi þær samþykktir hlotið staðfestingu menntamálaráðherra.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 21. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

S A M Þ Y K K T I R

fyrir Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

1. gr.

Samtökin heita Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, skammstafað SFH. Heimili sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að gæta réttar flytjenda og hljómplötuframleiðenda til þóknunar fyrir afnot markaðshljóðrita skv. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með því að semja um þóknun þessa við Ríkisútvarpið og aðra gjaldskylda aðila skv. 47. gr. Getur sambandið sett taxta um gjöldin að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, innheimt þau og framkvæmt hvaðeina, sem hér að lýtur þ. á. m. málshöfðanir til gæzlu og verndar hagsmunum þessum, allt með þeim takmörkunum, sem leiðir af 57. gr.

3. gr.

Rétt til upptöku í sambandið eiga þau samtök flytjenda og framleiðenda sem hér greinir:

- a) Íslandsdeild Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda.
- b) Samtök listflytjenda, er hafa innan vébanda sinna meðlimi, sem listflutning eiga að einhverju marki að mati sambandsstjórnar á vernduðum markaðshljóðritum.

Sambandsstjórn rannsakar inntökubeiðni og gerir tillögu til aðalfundar um, hvort félagi skuli veitt innganga. Aðalfundur tekur fullnaðarákvörðun um inn-göngubeiðnina. Stjórn félags, sem veitt eru sambandsréttindi, skal rita undir skuldbindingu um, að félagið sem sambandsfélag skuldbindi sig til að hlíta samþykktum og reglum sambandsins í öllum greinum, eins og þær eru eða kunna að verða.

Aðalfundur getur vikið félagi úr sambandinu eftir tillögum sambandsstjórnar, ef það fullnægir ekki lengur skilyrðum til inngöngu í sambandið.

4. gr.

Stjórn sambandsins skipa 8 menn og jafnmargir til vara. Þar af skulu 4 tilnefndir og aðrir 4 til vara af félögum listflytjenda og jafnmargir aðal- og varamenn af Íslandsdeild Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda. Þau fjögur félög listflytjenda, sem mestra réttinda hafa að gæta, tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í stjórnina og annan til vara. Kjörtími stjórnar er 2 ár. Stjórnendur má endurkjósa.